

**489. fundur skipulags- og mannvirkjanefndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 6. desember 2017
og hófst hann kl. 08:00.**

Fundinn sátu:

Sigurður Jón Hreinsson formaður, Magni Hreinn Jónsson varaformaður, Sigurður Mar Óskarsson aðalmaður, Lína Björg Tryggvadóttir aðalmaður og Guðfinna M Hreiðarsdóttir aðalmaður.

Embættismenn:

Brynjar Þór Jónasson, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs og Axel Rodriguez Överby, skipulags- og byggingarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Axel Rodriguez Överby, skipulags- og byggingarfulltrúi.

Dagskrá:

1. Seiðaeldi - Skipulag - 2017120004

Skipulags- og mannvirkjanefnd kannar forsendur fyrir seiðaeldi í Borgarfirði, Þorsteinn Mátsson frá Arnarlax mætir til fundar.

Lagt fram minnisblað frá Verkís dags. 05.12.2017

Uppdrættir I, II, og III frá tæknideild Ísafjarðarbæjar dags 04.12.2017

Minnisblað byggingarfulltrúa. 04.12.2017

Uppdráttur frá Verkís dags. okt. 2016

Óskað er eftir því við Vegagerð að fyrirhuguð veglína verði færð í samræmi við tillögu Vegagerðar.

Þorsteinn Mátsson sat fundinn frá 08:00 til 08:45

2. Umsagnarbeiðni - Aðalskipulag Reykhólahrepps - 2017120007

Bogi Kristinsson Magnusen, skipulags- og byggingarfulltrúi Reykhólahrepps, óskar eftir umsögn Ísafjarðarbæjar vegna breytinga á Aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018 í samræmi við 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Aðalskipulagsbreyting felst í breyttri legu á Vestfjarðavegi (60) í sveitarfélaginu og nýrra efnistökusvæða. Breytingin fjallar um leiðréttu veglínu á Vestfjarðarvegi milli Bjarkalundar og Skálaness miðað við endurupptekið umhverfismat ásamt nýjum efnistökusvæðum, en veglína hefur breyst á nokkrum stöðum frá gildandi aðalskipulagi.

Umsögn óskast eigi síðar en 5. janúar 2018

Erindi frestað.

3. Brekkugata 5 -umsókn um stækkun á lóð - 2017120006

Magnús Helgi Alfreðsson, f.h. Trésmiðs ehf. sækir um stækkun á lóð nr. 5 við Brekkugötu, skv. meðfylgjandi upprætti og umsókn dags. 23.11.2017

Byggingarfulltrúa falið að vinna málið áfram.

4. Deiliskipulag - Varmidalur vindorka - 2017110041

Teiknistofan Hugsjón ehf. sækir um heimild bæjaryfirvalda, fyrir hönd ábúenda í Varmadal, Öundurafirði, til þess að hefja deiliskipulagsvinnu vegna fyrirhugaðrar raforkuframleiðslu, m.t.t. nýtingu á vindorku. Meðfylgjandi gögn eru skipulagslýsing dags. 12. nóvember 2017

Skipulagsstofnun álitur að umrædd framkvæmd kalli á breytingu á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020, jafnframt fellur framkvæmdin undir 1. viðauka lið 3.25 c-flokk í lögum um mat á umhverfisáhrifum. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar m.t.t. mats á umhverfisáhrifum. Skipulags- og mannvirkjanefnd tekur afstöðu til erindis þegar þessi gögn liggja fyrir.

5. Umsókn um lóð - Aðalgata 45b - 2017100010

Sigurjón Andri Guðmundsson sækir um lóðina Aðalgata 45, Suðureyri. Áform eru um að nýta lóðina undir bílskúr. Fylgigögn eru eftirfarandi þ.e. undirrituð umsókn dags. 25. september 2017 ásamt ljósmyndum.

Erindið var tekið fyrir á fundi nr. 486 og var frestað.

Skipulags- og mannvirkjanefnd hafnar erindi, þar sem umrædd lóð er ætluð til íbúðarbygginga.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:00

Sigurður Jón Hreinsson

Magni Hreinn Jónsson

Sigurður Mar Óskarsson

Lína Björg Tryggvadóttir

Guðfinna M Hreiðarsdóttir

Brynjar Þór Jónasson

Axel Rodriguez Överby